

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Borgarfirði eystra, 12. júní 2021

Umsögn um drög að reglugerð um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Glettingsnesi – mál nr. 124/2021.

Undirrituð vekur athygli á umsögn heimastjórnar Borgarfjarðar eystri í Múlaþingi og tekur heils hugar undir þá breytingartillögur sem þar er sett fram:

Heimastjórn Borgarfjarðar fagnar því að komin sé fram reglugerð sem loki „Skápnunum“ og þakkar viðhaft samráð um málið. Lokunin breytir forsendum smábátaútgerðar á staðnum til hins betra. Þó vill heimastjórn benda á að vandi heimamanna er að þessu máli snýr er árlegur og vill því koma með eftirfarandi breytingartillögu:

Að fyrstu setningu 1.gr. reglugerðarinnar þar sem nú stendur:

„Frá og með 1. júlí 2021 til og með 31. desember 2021“

verði breytt svo þar standi:

„Frá og með 1. júlí til og með 31. desember ár hvert“

Þau gögn sem unnin voru í tengslum við málið hafa sýnt að hagsmunir togaraútgerða eru smávægilegir en fyrir útgerð og búsetu á Borgarfirði skiptir gríðarlegu máli að suðurenda „Skápsins“ sé lokað ár hvert.

Með vinsemd og virðingu,

Alda Marín Kristinsd.

Alda Marín Kristinsdóttir

Verkefnisstjóri Brothættra byggða á Borgarfirði eystri

